



Alþingi

Erindi nr. D 118 / 294

kornudagur 2 / 12 1994

Samskiptamiðstöð

heyrnarlaustra og heyrnarskertra

Vesturhlíð - 105 Reykjavík - Ísland - Kt. 520491-1559
Sími 627702 - Textasími 627789 - Fax 627714

Reykjavík, 30. nóvember 1994

Ágústa H. Lárusdóttir, deildarfulltrúi
Þórshamri
v/Templarasund

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla frá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra.

Staða heyrnarlaustra, sem fatlaðra, innan skólakerfisins er afar sérstök og þau úrræði sem fötluðum nýtast hæfa sjaldnast heyrnarlausum. Heyrnarlaus fólk stendur nýbúum miklu nær því sérstaða beggja hópanna markast af því að þeirra fyrsta mál er ekki íslenska.

Til þess að framhaldskólinn geti gegnt hlutverki sínu gagnvart heyrnarlausum eins og það kemur fram í annarri grein frumvarpsins þarf að viðurkenna mállega stöðu heyrnarlaustra. Þeir þurfa í fyrsta lagi að fá móðurmálskenndu í táknmáli þannig að mállegur grundvöllur verði nægjanlega traustur til þess að byggja á nám í öðrum tungumálum s.s. íslensku, dönsku, ensku, frönsku o.s.frv. Þeir verða að fá táknmálstúlkun í öllum kennslustundum, prófum og einnig í viðtölum við námsráðgjafa. Heyrnarskertir nemendur sem hafa íslensku að móðumáli en geta ekki fylgst með kenndu vegna heyrnarskerðingarinnar og þeir sem misst hafa heyrn þurfa að eiga rétt á rittúlkun í öllum kennslustundum.

Lög um málefni fatlaðra mæta ekki þörfum heyrnarlaustra þess vegna er afar mikilvægt, ef lög um framhaldsskóla eiga að ná til allra nemenda, að skýrt sé kveðið á um rétt heyrnarlaustra til túlkunar, hann sé að fullu viðurkenndur og sérstöku fé sé varið í þann lið. Túlkun sé ekki greidd sem hluti af sérkenndu. Margir heyrnarlaustrir þurfa einnig sérfræðilega aðstoð vegna fötlunar eða vegna lélegs undirbúnings úr grunnskóla. Enn hefur grunnskólinn ekki tekið á máluppeldi heyrnarlaustra barna en þar verður einnig að koma til stórkostleg breyting á stöðu táknmálsins fyrsta máls heyrnarlaustra.

Með þetta í huga álit ég nauðsynlegt að í 19. grein verði sérstaklega getið um rétt heyrnarlaustra og heyrnarskertra til þess að fá túlkun á táknmál eða rittúlkun auk annars sem fram kemur í þessari grein.

20. greinin hljóði með breytingum:

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Menntamálaráðherra getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda, tilhögun og mat á íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna og heyrnarlausum sem eiga táknmál að móðurmáli í framhaldsskólum.

Í aðalnámskrá þarf síðan að lýsa inntaki móðurmálskennslu heyrnarlausra í táknmáli. Greinargerðin um 20. greinina á alveg við stöðu heyrnarlausra. Þeir eiga erfitt með að fylgja öðrum nemendum í námi vegna lítillar kunnáttu í íslensku. Þeir þurfa því að fá sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum sem annað mál. Miklu færri heyrnarlausir skila sér í framhaldsnám en aðrir vegna tungumálaerfiðleika, einangrunar í samfélaginu og takmarkaðrar þekkingar m.a. á menntakerfinu.

Þess má að lokum geta að samkvæmt könnun sem gerð var af foreldrafélögum heyrnarlausra í ellefu löndum á heyrnarlausum nemendum við lok grunnskóla var læsi heyrnarlausra á sama stigi og nemenda í fyrstu bekkjum grunnskólans í öllum löndunum, sem könnunin náði til, nema einu en það var Svíþjóð. Þar var læsi og menntun á sama stigi og meðal heyrandi jafnaldra. Í Svíþjóð var táknmál viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra árið 1980 og kennsla og uppeldi heyrnarlausra tekur mið af því. Af þessu má einnig vera ljóst að til þess að markmið leikskólans, grunnskólans og framhaldsskólans náist er alger forsenda að táknmálið sé viðurkennt og uppeldi og menntun heyrnarlausra byggist á því.

Til fróðleiks sendi ég íslenska þýðingu á skjali A2-302/87 sem er ályktun Evrópuþingsins um táknmál heyrnarlausra frá 17. júní 1988.

Virðingarfyllst,

Valgerður Stefánsdóttir
forstöðumaður

Föstudagur, 17. júní 1988

8. Táknmál heyrnarlausra

- Skjal A2-302/87

ÁLYKTUN um táknmál heyrnarlausra

Evrópuþingið hefur,

- með tilliti til ályktunar sinnar frá 13. nóvember 1985 varðandi Evrópu fólksins (1),
- með tilliti til skýrslu frá 29. október 1981 sem framkvæmdastjórnin sendi til ráðsins varðandi félagslega blöndun fatlaðra (2) og ályktun ráðsins frá 21. desember 1981 varðandi sama málefni (3),
- með tilliti til tilmæla um ályktun sem lögð var fram af
 - Kuijpers og Vandemeulebroucke um stöðlun á táknmáli heyrnarlausra (Skjal B2-767/85), og
 - Chiabrando og fleirum varðandi sjónvarpsútsendingar fyrir heyrnarlausra og mállausa (Skjal B2-192/85),
- með tilliti til skýrslu nefndar sem fjallar um unglinga, menningu, menntun, upplýsingar og íþróttir (Skjal A2-302/87), og þar sem:
 - A. í bandalaginu eru um hálf milljón heyrnarlausra, og heyrnarskertir eru enn fleiri;
 - B. fæstir heyrnarlausir ná nokkurn tíma að verða fullfærir í talmáli;
 - C. táknmál, sem réttilega skal litið á sem fullgilt mál, er aðal eða eina mál flestra þeirra sem eru heyrnarlausir.
 - D. það viðurkennir að með táknmáli og táknmálstúlkum sé hægt er að veita heyrnarlausum aðgang að þeim upplýsingum sem þeir þurfa á að halda í daglegu lífi ásamt lestri og sjónvarpi;
 - E. það vill því stuðla að blöndun heyrnarlausra inn í heyrandi samfélag þannig að þeir njóti jafnréttis,
 - F. það viðurkennir það hið mikla innlegg sem alþjóðasamtök heyrnarlausra (World Federation for the Deaf - WFD) hafa átt þátt í undanfarna áratugi til að bæta hlut heyrnarlausra, og fagnar því að þau hafi komið á fót svæðisskrifstofum í löndum innan Evrópubandalagsins,

(1) Stjtið. EB nr. C 345, 31.12.1985, bls. 27.

(2) Stjtið. EB nr. C 347, 31.12.1981, bls. 14.

(3) Stjtið. EB nr. C 347, 31.12.1981, bls. 1.

Evrópuþingið:

1. Fagnar þeim áhuga og stuðningi sem framkvæmdastjórnin hefur sýnt ýmsum stofnunum heyrnarlausra í bandalaginu;

Viðurkenning á táknmáli og rétturinn til að tala táknmál

2. Fer þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún sendi ráðinu tillögu um opinbera viðurkenningu á táknmáli sem heyrnarlausir nota í hverju aðildarríki fyrir sig;

3. Fer þess á leit við aðildarríkin að afnema þær hindranir sem enn standa í vegi fyrir almennri notkun táknmáls;

Táknmálstúlkun

4. Leggur áherslu á mikilvægi þess að viðurkenna táknmálstúlkun sem starfsgrein og gera þjálfun táknmálstúlka að fullu námi og og koma á vinnumiðlun í hverju aðildarríki undir eftirliti landssamtaka heyrnarlausra;

5. Hvetur aðildarríkin, í samráði við Svæðisskrifstofu alþjóðasamtaka heyrnarlausra í Evrópu (WFD), til að gera áætlun um þjálfun nægilegs fjölda táknmálskennara, handleiðara og túlka, sem mundi vera stutt af Félagsmálasjóði Evrópu.

6. Fer þess á leit við stofnanir innan bandalagsins að hafa það sem reglu að sýna gott fordæmi með því að setja ákvæði um táknmálstúlkun á fundum sem skipulagðir eru á þeirra vegum og sóttir eru af heyrnarlausum.

Táknmál og sjónvarp

7. Fer þess á leit við stjórnaraðila sjónvarpsstöðva að þýða yfir á táknmál eða texta fréttapætti, þætti um stjórnarmál, og einnig úrval af menningarefni og almennum fróðleik eftir því sem mögulegt er. Stjórnaraðilar sjónvarpsstöðva eru einnig hvattir, í samráði við Svæðisskrifstofur heyrnarlausra í Evrópu og Evrópska Útvarps/Sjónvarpsfélagið (European Broadcasting Union) að ákveða lágmarksmagn túlkaðs eða textaðs efnis fyrir fullorðna og börn eftir því sem við á, ásamt ákvæðum um textavarp;

8. Hvetur aðildarríkin til að tryggja að allt efni sem ætlað er til dreifingar frá stjórnvöldum varðandi framfærslustyrki, heilbrigðismál og atvinnu sé framleitt á myndbandsspólum með táknmáli, sem hægt er að nota í samfélagi heyrnarlausra.

9. Fer þess á leit við bandalagið að það sýni stuðning við rannsóknir á sviði sjónvarpsþjónustu fyrir heyrnarlausra;

Táknmálskennsla fyrir heyrandi fólk

10. Fer þess á leit við aðildarríkin að þau sýni, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, stuðning við tilraunaverkefni sem miða að því að heyrnarlausir sem eru sérstaklega þjálfaðir kenni heyrandi börnum og fullorðnum táknmál, og að styðja rannsóknir á þessu sviði;

Táknmálsorðabækur

11. Hvetur aðildarríkin til að sýna stuðning við rannsóknir og útgáfu á nýjum orðabókum á því táknmáli sem um ræðir í hverju landi fyrir sig; óskar eftir því að framkvæmdastjórnin taki að sér að sjá um þetta starf og stuðla að, þegar þar að kemur, þróun fjöltungisorðabóka fyrir þau táknmál sem iðluð eru í bandalaginu;

Samskipti á táknmáli

12. Óskar eftir því að framkvæmdastjórnin íhugi, þegar vel stendur á, hvernig samskiptum innan bandalagsins sé best komið á milli þeirra sem þekkja vel táknmál þess lands sem um ræðir og menningu.

Stofnanir og fjármagn

13. Álítur nauðsynlegt að heyrnarlausir taki fullan þátt í að ákveða stefnu fyrir heyrnarlausra bæði á innlendum vettvangi og eins innan bandalagsins, einkum í gegnum Svæðisskrifstofu alþjóðasamtaka heyrnarlausra í Evrópu (WFD);

14. Fer þess á leit að á fjárhagsáætlun bandalagsins sé gert ráð fyrir frekari styrkjum til að þróa ýmsa þjónustu fyrir heyrnarlausra í aðildarríkjunum;

15. Biður forseta sinn um að senda þessa ályktun til framkvæmdastjórnarinnar, ráðsins, aðildarríkjanna, Svæðisskrifstofu alþjóðasamtaka heyrnarlausra í Evrópu og Evrópska Útvarps/Sjónvarpsfélagsins.

Framkvæmd ályktunar framkvæmdastjórnarinnar varðandi opinbera viðurkenningu táknmáls í Evrópubandalaginu

Heyrnarlausir eiga fullan þátt í að ákvarða stefnu fyrir heyrnarlaust fólk innan bandalagsins í gegnum Svæðisskrifstofu Evrópubandalagsins (ECRS) fyrir alþjóðasamtök heyrnarlausra, sem samanstendur af landssamtökum heyrnarlausra í hverju aðildarríki.

Svæðisskrifstofan endurskoðaði nýlega stjórnskipulag sitt til að tryggja að farið sé að fullu eftir þörfum heyrnarskertra, heyrnarlausra og fagaðila. Svæðisskrifstofan er því orðin fremst í flokki þeirra stofnana og samtaka sem vinna með málefni heyrnarskertra og eru stjórnmalalega óháð.

Á síðastliðnum sex árum, og einkum meðan á HELIOS I áætluninni stóð - seinni áætlunin um aðgerðir til handa fötluðu fólki, náði svæðisskrifstofan virku og afrakstursmiklu sambandi við framkvæmdastjórnina sem hefur fjármagnað ýmis konar aðgerðir til að koma hagsmunum heyrnarlausra á framfæri. Dæmi um þetta er hægt að fá hjá svæðisskrifstofunni, og nokkur þeirra varða táknmál. Árið 1991 voru 28 mismunandi aðgerðir á sviði heyrnarlausra fjármagnaðar í gegnum svæðisskrifstofuna.

Á árinu 1992 var Johan Wesemann tilnefndur heyrnarlaus forstöðumaður í fullt starf og einnig var komið á fót höfuðstöðvum í Brussel.

Í júní 1988 samþykkti Evrópuþingið samhljóða ályktun varðandi opinbera viðurkenningu á táknmáli í Evrópubandalaginu (Skjal A2 - 302/87, E. Lemass). Eftirfarandi eru dæmi um hvernig sú ályktun var framkvæmd í raun.

Táknmálstúlkun

Tillögur um námskeið í táknmálstúlkun hafa verið lagðar fyrir HORIZON - áætlun bandalagsins (varðar nýjar leiðir í málefnum fatlaðra).

Í opinberri tilkynningu til aðildarríkjanna þar sem settar eru leiðbeiningar um starfsþjálfun (90/C 327/05) er þjálfun táknmálstúlka nefnd sérstaklega.

Framkvæmdastjórnin setti fordæmi með því að bjóða upp á táknmálstúlkun á táknumálum bandalagsins á fundum sem skipulagðir eru á þeirra vegum og sóttir eru af heyrnarlausum.

Táknmálstúlkarnir búa við sömu vinnuskilyrði og þeir raddtúlkarnir sem framkvæmdastjórnin ræður til vinnu.

Dæmi um framkvæmd þessarar stefnu í raun kemur greinilega fram á fundum hjá samstarfshópi HELIOS - áætlunarinnar þar sem opinber fulltrúi Svæðisskrifstofu heyrnarlausra í Evrópu hefur sinn eigin túlk.

Táknmál og sjónvarp

Hvað varðar táknmál og sjónvarp hefur framkvæmdastjórnin fjármagnað í gegnum svæðisskrifstofuna ráðstefnu um sjónvarpsútsendingar og heyrnarlausar þar sem lögð voru drög að stefnu bandalagsins.

Í nóvember 1991 var fjármagnað annað námskeið þar sem Svæðisskrifstofa heyrnarlausra í Evrópu og Evrópska Sjónvarps/útvarpsfélagið tóku þátt í umræðum um sameiginlega áætlun varðandi umbætur í sjónvarpsþjónustu fyrir heyrnarlausar víðsvegar um bandalagið.

Kennsla á táknmáli

Framkvæmdastjórnin hefur fjármagnað námskeið undir LINGUA sem miðar að því að heyrnarlausir og heyrnarskertir í bandalaginu fái betri aðgang að námi í erlendum tungumálum. Svo hægt sé að tryggja frjálsa fólksflutninga heyrnarlausra innan Evrópubandalagsins í atvinnuskyni, til að mennta sig eða af félagslegum ástæðum telst það nauðsynlegt að heyrnarlausir fái aðgang að námi í erlendum tungumálum á sjónrænan hátt með því að nota þeirra mál, upphaflegt táknmál þess lands. Þetta er mikilvæg afleiðing af opinberri viðurkenningu á táknmáli.

Samskipti á táknmáli

Hvað varðar samskipti innan bandalagsins milli sérfræðinga í táknmáli er Svæðisskrifstofa heyrnarlausra í Evrópu að þróa verkefnið EUROSIGN, sem er tillaga að samofinni heild táknmálsrannsókna, kennslu og þjálfunarmiðstöðva sem kemur til með að fara í gang á árinu 1992.

Aðrar aðgerðir

Fyrir utan beinar aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar, hefur ýmislegt annað verið gert á undanförunum árum til að varpa jákvæðri mynd á ályktunina. Þar á meðal er stofnun fyrstu háskóladeildarinnar á Grikklandi sem sérhæfir sig í menntun heyrnarlausra barna og kynning á táknmáli í skólum í Portúgal. Í Frakklandi er táknmálstúlkun fyllilega viðurkennd sem starfsgrein og framhaldsstig þjálfunar sem leiðir til viðurkenndra réttinda hefur verið fjármögnuð og samþykkt.

Ítarlegri skýrslu er hægt að fá hjá Svæðisskrifstofu Evrópubandalagsins fyrir alþjóðasamtök heyrnarlausra, 110 Rue Franklin, 1040 Brussel.